

Ed.

958. Breytingartillögur

[415. mál]

við frv. til l. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 8. gr. 1.—3. tölul. orðist svo:
 1. Til lífeyrissjóða sjómanna 48%
 2. Til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingu skipverja, sams konar þeim sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, þar á meðal vegna grásleppuveiða, svo og af vátryggingu báts og eiga þessi ákvæði við allar veiðar smábáta, einnig við grásleppuveiðar, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur 47%
 3. Til Landssambands smábátaeigenda, þar með vegna grásleppuveiða 5%
2. Við 15. gr. A-liður orðist svo:

Til fiskvinnslufyrirtækja í hlutfalli við áætlaða uppsöfnun söluskatts til hvernar vinnslugreinar en í hlutfalli við fob-verðmæti útflutningsframleiðslu til hvers fyrirtækis innan greinar eftir reglum sem sjávarútvegsráðherra setur í samráði við samtök fiskvinnslufyrirtækja. Heimilt er að verja hluta af þessu fé til greiðslu árgjalda til Útflutningsráðs Íslands með samþykki hlutaðeigandi fiskvinnslufyrirtækja 305 m. kr.
3. Við 17. gr. Við 1. mgr. bætist:

Þá er sjávarútvegsráðherra heimilt að fella niður útflutningsgjald af fódurlýsi sem framleitt er og/eða flutt út frá ársbyrjun 1986 til 15. maí 1986. Enn fremur skal ekki innheimta útflutningsgjald af þeirri skreið sem flutt er út eftir 1. janúar 1986 en framleidd var fyrir 31. desember 1984.
4. Við ákvæði til bráðabirgða III.
 - a. C-liður orðist svo:

Af eignum Tryggingasjóðs fiskiskipa, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans skv. lögum nr. 52/1983, með síðari breytingum, og reglum settum skv. þeim er lokið, skal verja 12 milljónum króna til öryggismála og björgunaræfinga sjómanna á fiskiskipum í samráði við öryggismálanefnd sjómanna og samtök sjómanna og útvegsmanna, 12 milljónum króna til undirbúnings byggingar sjávarútvegshúss í Reykjavík, skv. tillögum byggingarnefndar hússins er sjávarútvegsráðherra skipar fyrir árslok 1986, og 3 milljónum króna til Landssambands smábátaeigenda, m.a. til að ljúka skuldbindingum Samtaka grásleppuhrognaverkenda við Landsbanka Íslands, sbr. lög nr. 79/1984. Eftirstöðvar eigna Tryggingasjóðs skulu renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.
 - b. D-liður orðist svo:

Af eignum Úreldingarsjóðs fiskiskipa, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans skv. lögum nr. 52/1983, með síðari breytingum, er lokið, skal verja 8 milljónum króna til varðveislu sjóminja og sjávardýra að fengnum tillögum þjóðminjavarðar og 4 millj. króna skulu renna til Fiskimálasjóðs til að styrkja rannsóknar- og tilraunastarfsemi í sjávarútvegi á þessu ári. Eftirstöðvar eigna Úreldingarsjóðs fiskiskipa skulu varðveittar á bankareikningum og í skuldabréfum með bestu kjörum þar til sett hafa verið ný lög um starfsemi hans og ákvæði um Aldurslagasjóð fiskiskipa í II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, hafa verið endurskoðuð.

Sjávarútvegsráðherra staðfestir lokauppgjör Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa.